

Stjórnarfundur FEB nr. 509 þriðjudaginn 4. feb. 2025 kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Árni Gunnarsson, Stefanía Valgeirsdóttir, Kristinn Eiríksson og Bessí Jóhannsdóttir, varamaður.

Fjarverandi: Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Ragnar Árnason og Jón Magnússon, varamaður.

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB. Í upphafi fundar sátu einnig þau Heiðar Þór Karlsson endurskoðandi og Elsa Petra Björnsdóttir verkefnastjóri bæði frá Deloitte.


Dagskrá:

- **Ársreikningur FEB 2024**
Endurskoðandi FEB Heiðar Þór Karlsson hjá Deloitte ehf fór yfir ársreikning FEB 2024 og svaraði fyrirspurnum.
- **Starfsmenn endurskoðunarfyrtækisins Deloitte yfirgáfu fundinn.**
- **Fundargerð nr. 508 afgreidd og undirrituð**
- **Aðalfundur FEB 2025 haldinn 27. feb. 2025 - undirbúningur**
 1. **Fundarstjórn.** Sveinn Guðmundsson, stjórnarformaður SÍBS hefur samþykkt að taka að sér fundarstjórn aðalfundar FEB.
 2. **Lagabreytingar.** Skrifstofu FEB hefur borist ein tillaga að lagabreytingu og hefur borist til eyrna að fleiri tillagna sé að vænta. Tillögur um breytingum á lögum þurfa að berast stjórn með minnst tveggja vikna fyrirvara fyrir aðalfund og frá þeim tíma liggja frammi til kynningar á skrifstofu og heimasíðu FEB. Ljóst er að laganefnd FEB þarf að koma saman fyrir aðalfund til undirbúnings.
 3. **Árgjald FEB 2025.** Stjórn samþykkti að leggja fyrir aðalfund FEB tillögu að hækkun árgjalds um kr. 200.
 4. **Húsnæðislán FEB**
Rætt var hvort greiða ætti upp lánið eða inn á það, þar sem lánið ber hærri vexti en félagið fær af bankainnistæðum. Ekki er talið nauðsynlegt að bera ákvörðunina undir aðalfund þar sem greiðslan skerðir ekki rekstrarhæfi félagsins. Framkvæmdastjóra var falið að kanna hvor lánið beri uppgreiðslugjald.
 5. **Ályktun.** Stjórn samþykkti að leggja fyrir aðalfund ályktun er varðar mannréttindamál eldra fólks.
- **Tilnefning í stjórn LEB**
LEB hefur kallað eftir tilnefningu frá FEB varðandi fulltrúa FEB til setu í stjórn LEB fyrir næsta starfsár. Samþykkt einróma að sá fulltrúi ætti að vera formaður FEB.
- **Erindi til stjórnar.**
Stjórn FEB barst erindi vegna lífsgæðaskerðingar eldri borgara í Árskógum vegna „skemmu“ sem byggð var nýverið við Álfabakka/Árskóga í Reykjavík. Stjórn FEB ákvað að leggja fram ályktun um þetta mál á aðalfundi FEB þann 27. febrúar n.k.

- Önnur mál
 - Kjör starfsmanna FEB rædd.
 - Ákveðið að boða til auka stjórnarfundar þann 20. feb. til að klára afgreiðslu útistandandi mála fyrir aðalfund.

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.



Handwritten signatures in blue ink, including names like 'Dýrleif Guðjónsdóttir', 'P. Guðmundsson', and 'Jóhanna María'.